

# Ísótóparannsókn af munnvatnskirtlum

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um starfsemi munnvatnskirtla. Gera þarf ráð fyrir að rannsóknin taki um 60 mínútur.

## Undirbúningur

- Enginn undirbúningur er fyrir þessa rannsókn.
- Ráðlagt er að skilja skartgrip eftir heima.

## Rannsóknardagur

- Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og í hann gefinn ísótópur, sem er geislavirkt efni.
- Í rannsókninni þarf að liggja kyrr á rannsóknarbekk á meðan myndavélar nema geislun frá líkamanum.



Best er að nota inngang Eiríks götu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

### Rannsóknin

- Settur æðaleggur.
- Myndataka og gefinn ísótópur.
- Rannsóknin tekur alls um 60 mínútur.

## Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan viku til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því efnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í sex klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, netfang: [isotop@landspitali.is](mailto:isotop@landspitali.is)